

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 235/1995.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Snæbirni Snæbjörnssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Skjalafals. Tolllagabrot. Upptaka. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvaldsins.

Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms varðandi sakfellingu ákærða og upptöku, en þyngingar á refsingu. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal saksóknarlauna, sem verði ákveðin jöfn málsvarnarlaunum á báðum dómstigum.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð. Þá krefst ákærði þess, að kröfu ákærvaldsins um upptöku verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að henni verði hafnað.

I.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á sakfellingu ákærða, svo og heimfærslu brota hans til 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 1. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 251/1992 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

II.

Í II. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa flutt til landsins og „eigi framvísað með tilskildum hætti við tollgæsluna 13 nýjum skartgripum úr gulli, 1 nýju gullarmbandsúri og 1 sverði, samtals að tollverði 427.067 kr.“. Í III. kafla ákærunnar er gerð krafa um, að

ákærði sæti upptöku „á framangreindum varningi“, svo sem þar segir.

Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var lagt fram bréf 9. mars 1994 með samantekt Rannsóknarlögreglu ríkisins á því, sem fannst í fórum ákærða við tollskoðun og varð síðar tilefni til ákæru, eins og að framan greinir. Þar segir, að um sé að ræða eitt gullarmbandsúr, fimm gullkrossa með mismunandi steinum, tvenna gulleyrnalokka með steinum, eitt gullhálsmen með fimm skjöldum, sem hver hafi einn stein, einn gullhring með steini, eitt armband samsett úr níu gullskjöldum, sem hver hafi einn stein, eina grófgerða gullhálsfesti, eina fingerða gullhálsfesti, eitt stórt gullnisti alsett steinum og eitt stórt sverð.

Pótt framangreind lýsing í ákæru á þeim munum, sem ákæruvaldið krefst upptöku á, sé ekki svo glögg sem skyldi, verður að líta til þess, að fyrir héraðsdómi lá þessi nákvæma tilgreining munanna. Gat ákærða ekki heldur dulist við athugun á ákæru, við hvaða muni væri þar átt. Verður því ekki fallist á kröfu hans um, að upptöku-kröfunni verði vísað frá dómi vegna ófullkominnar lýsingar í ákæru á þeim munum, sem hún beinist að.

Með vísan til 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55/1987, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 251/1992, verður tekin til greina krafa ákæruvaldsins um upptöku muna, svo sem þeir eru taldir upp í fyrrgreindu bréfi frá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

III.

Ákærði varð uppvís að því tolllagabroti, sem um ræðir í II. kafla ákæru, þegar hann kom til landsins úr ferðalagi 26. apríl 1993. Kæra á hendur honum fyrir skjalafals, sem I. kafli ákæru tekur til, var borin fram í skýrslu þess, sem brotið beindist að, hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 1. september 1993. Ákæra var hins vegar gefin út 20. desember 1994. Pótt ástæðulaus dráttur hafi þannig orðið á rannsókn málsins, er ekki alveg nægilegt tilefni til að líta sérstaklega til þess við ákvörðun refsingar. Þegar litið er til brota ákærða og þess, að hann hefur greitt að fullu skuld samkvæmt skuldabréfinu, sem hann falsaði nafnritun ábyrgðarmanns á, svo og, að hann hefur ekki fyrr sætt refsingu, svo að kunnugt sé, þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þar á meðal skilorðsbinding hennar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verða staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en upp-töku.

Framangreindir skartgripir, armbandsúr og sverð eru gerð upptæk til ríkissjóðs.

Ákærði, Snæbjörn Snæbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 19. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 986/1994: Ákærvaldið gegn Snæbirni Snæbjörnssyni, sem dómtekið var 22. mars sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. desember 1994, á hendur Snæbirni Snæbjörnssyni, Njálsgötu 112, Reykjavík, kt. 150454-7279, „fyrir eftirtalin hegningar- og tolllagabrot:

I.

Skjalafals með því að hafa í maí 1992 selt Ítalska verslunarfélaginu hf., Skeifunni 17, Reykjavík, skuldabréf með lánskjaravísitölu, að fjárhæð 610.000 kr., með veði í bifreiðinni YO-968, sem ákærði gaf út 14. maí 1992 og falsaði með því að rita nafn fyrrverandi sambyliskonu sinnar, Hrafnhildar Guðmundsdóttur, kt. 050562-4599, í reit fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðarmanns á láninu. Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Tolllagabrot með því að hafa við komu til Keflavíkurflugvallar 26. apríl 1993 frá Bandaríkjunum eigi framvísað með tilskildum hætti við tollgæsluna 13 nýjum skartgripum úr gulli, 1 nýju gullarmbandsúri og 1 sverði, samtals að tollverði 427.067 kr., en í greint skipti gekk ákærði um tollhlið merkt grænu skilti með áletruninni: Enginn tollskyldur varningur, og fannst varn-

ingurinn við leit á ákærða og í farangri hans. Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. og 135. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl. nr. 251/1992, sbr. nú reglugerð nr. 201/1994 um breyting á henni.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku á framangreindum varningi, sem lagt var hald á, samkvæmt heimild í 1. mgr. 136. gr. tollalaga, sbr. 6. gr. i. f. reglugerðar nr. 251/1992“.

Um I. kafla ákæru.

Miðvikudaginn 1. september 1993 kom Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Furugerði 11, Reykjavík, sem er fyrrverandi sambýliskona ákærða, til Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði ákærða fyrir að hafa falsað nafn hennar sem sjálfskuldarábyrgðarmanns á skuldabréf, sem ákærði gaf út 14. maí 1992 til Ítalska verslunarfélagsins hf., að fjárhæð 610.000 krónur, tryggt með veði í bifreiðinni YO-968.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði gefið út skuldabréf til Ítalska verslunarfélagsins hf., að fjárhæð 610.000 krónur, og að hann hefði skrifað nafn Hrafnhildar Guðmundsdóttur á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmanns. Hann kvaðst hafa spurt Hrafnhildi um það, hvort hún vildi ábyrgjast fyrir hann skuldabréf, svo að hann gæti keypt sér bifreið. Á þessum tíma hefðu þau verið búin að slíta sambúð. Hún hefði haldið öllum eignum þeirra og hann átt erfitt með að halda sambandi við börn þeirra, og því hafi hann þurft á bifreið að halda. Hann kvað Hrafnhildi hafa sagt, að hún væri í önn-um og ætti óhægt með að komast, og spurt hann, hvort hann gæti ekki bara undirritað fyrir hennar hönd, það væri allt í lagi. Ákærði kvaðst síðan hafa undirritað og farið í bankann.

Vitnið Hrafnhildur Guðmundsdóttir sagði, að hún hefði uppgötvað tilvist bréfsins þannig, að hún hefði fengið tilkynningu frá banka. Hún hefði farið í bankann og verið sagt, að hún hefði skrifað upp á skuldabréf. Hún hefði séð, að undirskrift sín á bréfinu var fölsuð. Hún sagði, að alls ekki hefði komið til tals með þeim ákærða, að hún tækist á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir ákærða.

Fram kemur í málinu, að ákærði greiddi bréfið.

Fyrir liggur, að ákærði ritaði nafn Hrafnhildar Guðmundsdóttur á um-rætt skuldabréf og notaði það í viðskiptum. Með því að hún ber eindregið á móti því, að ákærði hafi haft heimild sína til nafnritunarinnar, og skýringar hans á aðdraganda þess, að hann ritaði nafn hennar, eru ótrúverðugar, er

sannað, að hann hefur brotið gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, eins og hann er ákærður fyrir.

Um II. kafla ákæru.

Mánudaginn 26. apríl 1993 kl. 5.30 kom ákærði til landsins frá Orlando í Bandaríkjunum með flugvél Flugleiða. Hann var tekinn til skoðunar í leitarklefa tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli. Við leit fundust á honum og í föggum hans samtals 30.343 bandaríkjadalir. Hafði hann vafið utan um sig límbandi, þar sem voru 23.843 dalir, í sokkum hans voru 3.550 dalir, í buxnavösum 950 dalir og í axlartösku 2.000 dalir. Þá hafði hann meðferðis 1 armbandsúr, 5 gullkrossa með steinum, 2 sett af gulleyrnalokkum með steinum, 1 gullhálsmen með 5 skjöldum, 1 gullhring með steini, 1 armband samsett úr 9 gullskjöldum, og er steinn í hverjum þeirra, 1 grófgerða gullhálsfesti, 1 fingerða gullhálsfesti, 1 stórt gullnisti, alsett steinum, og 1 stórt sverð.

Í skýrslu tollgæslunnar, dagsettri 26. apríl 1993, segir, að ákærði hafi haft meðferðis kvittun, sem hann sagði vera yfir hluta af skartgripum þeim, er hann var með, og sagði, að uppgefið verð á þeirri kvittun væri í íslenskum peningum um 100.000 kr.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærða af lögreglunni í Reykjavík sama dag, segir m. a.:

„Snæbjörn er beðinn að gera grein fyrir því gulli, er fannst á honum við leit. Hann segist hafa keypt gullið í Bogota. Hann segist hafa ætlað að gefa kærustu sinni og ættingjum það, og hafi einhver afgangur verið eftir, ætlaði hann að selja það.“

Síðar þennan dag var tekin skýrsla af ákærða í rannsóknardeild ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli. Þar er haft eftir ákærða, að hann hafi „komið með flugvél frá Bandaríkjunum í morgun, og segist hann hafa farið í gegnum vegabréfaskoðun og þaðan í Fríhöfnina að versla. Hann segist hafa tekið kerru og sett á hana farangur sinn og varninginn úr Fríhöfninni. Áður en hann hafði tækifæri á að velja hlið (rautt eða grænt), var hann stöðvaður af tollverði, sem benti honum á leitarherbergi, þar sem annar tollvörður beið inni. Þar var honum bannað að taka hluti úr vösunum, en þess í stað skipað að klæða sig úr“.

Í skýrslu ákærða, sem tekin var af honum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 11. mars 1994, segir, að er hann hafi komið frá því að versla í Fríhöfn, „hafi hann fengið sér farangursvagn og gengið að færibandi, sem farangur var á. Þar hafi hann tekið farangur sinn og sett á vagninn og verið á leið að tollhliði án þess að hafa tekið stefnu á ákveðið hlið, þegar kona, sem hann taldi lögreglu eða tollvörð, hafi kallað til sín og bent sér á að koma til henn-

ar. Hann segist ekki muna, hvaða hlið eða nákvæmlega hvar þessi kona stóð að öðru leyti en því, að hún var sér á hægri hlið, er hann gekk meðfram borði því, sem hún stóð við. Hann hafi farið til hennar með farangursvagninn á undan sér og sagt góðan daginn við konuna. Hún hafi ekki tekið undir kveðju sína, heldur bent sér og sagt sér um leið að fara inn í herbergi, sem þarna var innan við“.

Í skýrslu sinni hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann hefði ekki gengið í gegnum tollhlið merkt grænu skilti. Einhver lögreglukona hefði kallað á sig. Hann hefði farið út að glugganum, þar sem fólkið, sem er að sækja farþega, bíður, og gefið vini sínum merki um, að hann væri kominn. Síðan hefði hann farið þaðan, og þá hefði stúlkan kallað í sig og sagt sér að koma. Hún hefði verið bak við borð, sem ákærði sagði, að sjáist á ljósmynd á dskj. nr. 6, og ör, sem teiknuð er lengst til vinstri á myndinni, bendi á. Síðan hafi verið leitað á sér.

Ákærði sagði fyrir dómi, að flestir skartgripirnir væru frá föður sínum og móður. Hann áætlaði, að verðmæti þeirra væri um 30–35.000 krónur. Er ákærði var spurður, hvers vegna hann hefði borið hjá lögreglu 26. apríl 1993, að hann hefði keypt það í Bogota, svaraði hann því til, að hann hefði keypt skartgripi handa börnunum og það séu aðeins nokkrir af þessum skartgripum.

Vitnið Bjarnhildur Helga Lárusdóttir tollvörður sagði, að hún hefði staðið við lágt borð, sem farþegar láta töskur sínar á, er þær eru skoðaðar. Hún hefði staðið mjög innanlega við borðið, svo að ákærði hefði hreinlega gengið beint inn í græna hliðið og hún þá bedið hann að stansa, til þess að tollverðir gætu litið nánar á farangur hans. Aðrir hefðu tekið við leitinni. Vitnið sagði, að ákærði hefði verið kominn alveg inn á græna svæðið, vel inn fyrir miðju, eða inn á grænt hlið. Þau hefðu ekki átt nein samskipti, hún einungis stöðvað hann, en þau ekki talast við. Hún hefði verið búin að fá fyrirmæli um að stöðva ákærða, er hann kæmi í hliðið. Vitnið sagði, að það væri andstætt starfsreglum þeirra, er við tollgæslu vinna, að kalla menn inn í hliðin. Skýrsla var tekin af vitni þessu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli 27. apríl 1993, þar sem hún bar, að ákærði hefði komið í græna hliðið sjálfur og hann ekki verið stöðvaður og færður í grænt hlið. Ekki hefði verið talað við ákærða, fyrr en hann kom í grænt hlið.

Vitnið Bjarni Geirsson, starfsmaður tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, sagði, að ákærði hefði verið kominn langt inn fyrir hliðið, er hann var stöðvaður. Ákærði hefði aldrei nefnt, að hann væri með tollskyldan farangur. Vitnið sagðist hafa gefið vitninu Bjarnhildi fyrirmæli um að stöðva ákærða, enda hefðu sér verið gefin fyrirmæli um það frá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík.

Vitnið Ívar Björnsson gullsmiður kom fyrir dóminn og staðfesti það mat sitt, að verðmæti skartgripanna væri 425.857 krónur. Við það mat væri tekið tillit til verðmætis efnis í skartgripunum, vinnulauna og markaðsverðs.

Með framburði vitnanna Bjarnhildar Helgu Lárusdóttur og Bjarna Geirssonar er sannað, að ákærði var kominn inn í svonefnt „grænt hlið“, er hann var stöðvaður og leitað í farangri hans og á honum sjálfum. Með því að fara inn í hliðið gaf ákærði í skyn, að hann hefði ekki meðferðis tollskyldan varning, enda þótt hann hefði meðferðis skartgripi og sverð, að verðmæti 427.067 krónur. Með verknaði sínum braut ákærði gegn þeim ákvæðum, sem greinir í þessum kafla ákæru.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Brot ákærða voru framin í maí 1992 og apríl 1993, en ákæra gefin út 20. desember 1994.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði og með tilliti til þess tíma, sem liðinn er, frá því að brotin voru kærð, og þess, að rannsókn þeirra er ekki flókin, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Pá ber að gera skartgripi þá og sverð, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, upptæk samkvæmt 1. mgr. 136. gr. tollalaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 251/1992 i. f.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 65.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Snæbjörn Snæbjörnsson, sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilyrði 57. gr. almennra hegningarlaga.

Framangreindir skartgripir og sverð skulu gerð upptæk til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 65.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.